

Mótun stefnu Háskóla Íslands 2021-2026
Vísbendingar frá háskólaþingi og samráðsfundum með stjórnendum og stúdentum um framtíðarsýn og forgangsverkefni
Fundur háskólaráðs 3. desember 2020
Jón Atli Benediktsson, rektor


1



Háskólaþing markaði upphaf samráðsferlisins og er veigamikill hluti innleggsfasans
Niðurstöður 14 vinnuhópa
Þemu og áherslur greindar
Niðurstöður birtar á samráðsvef um stefnumótunarferlið
Samtali byggðu á niðurstöðum háskólaþings haldið áfram á samráðsfundum rektors með stjórnendum og Stúdentaráði
AFURÐIR SAMRÁÐS Á HÁSKÓLAÞINGI


2


FRAMTÍÐARSÝN
NIÐURSTÖÐUR HÓPASTARFS Á HÁSKÓLAÞINGI

3


HVAÐ: Hvaða meginstoðir mynda hlutverk Háskóla Íslands og þau verðmæti sem hann lætur í té?
NÁM OG KENNSLUHÆTTIR
RANNSÓKNIR
SAMFÉLAGSLEGT AFL OG ÁHRIF
HVERNIG: Hvaða meginviðmið eru leiðarljós í allri þjónustu og starfsemi Háskóla Íslands?
FRAMÚRSKARANDI MANNAUÐUR, MENNING OG INNVIÐIR
FJÖLBREYTILEIKI, JAFNRÉTTI OG SJÁLFBÆRNI
NÝSKÖPUN, FRAMFARIR OG ÞVERFRÆÐILEIKI
STERK STAÐA OG TENGSL Á ALÞJÓÐAVETTVANGI
MEGINATRIÐI ER LÚTA AÐ FRAMTÍÐARSÝN SNÚA AÐ TVEIMUR LYKILSPURNINGUM

4


Vagga menntunar, þar sem nútímalegir og fjölbreyttir kennsluhættir undirbúa nemendur vel fyrir áskoranir framtíðarsamfélags
▪ Framúrskarandi starfs- og námsumhverfi þar sem kostir og samspil stafrænna kennsluhátta og staðkennslu er nýtt til fulls
▪ Samþætt kennsla milli deilda/sviða og við aðra háskóla þar sem áhersla er á flæði milli deilda og þverfræðilega nálgun
▪ Opið flæði þvert á Háskólann sem veitir nemendum möguleika á að nýta sér sérfræðiþekkingu kennara þvert á fræðasvið
NÁM OG KENNSLUHÆTTIR

5


Öflugur rannsóknarháskóli þar sem ríkir víðtækt innbyrðis samstarf um rannsóknarinnviði og þverfaglega nálgun
▪ Mikilvæg uppspretta nýsköpunar, hugmynda og þekkingar í krafti rannsókna og framhaldsmenntunar
▪ Doktorsnám í háum gæðaflokki fjármagnað með viðeigandi stuðningi
▪ Virkt og þverfræðilegt rannsóknarsamstarf á milli deilda og fræðasviða
RANNSÓKNIR

6


Stofnun sem leikur forystuhlutverk í samfélaginu og leiðir bæði samvinnu og sameiginlega þróun í þágu þess
Virk þátttaka í umræðu og ákvörðunum innanlands og alþjóðlega um þær áskoranir sem hæst bera
Sterkur áhrifavaldur í krafti öflugra tengsla við atvinnulíf og meginstoðir samfélagsins
Hagnýt og viðskiptaleg nýsköpun
SAMFÉLAGSLEGT AFL OG ÁHRIF

7


Ein heild sem býður upp á framúrskarandi starfs- og námsaðstöðu og sterkar tengingar milli deilda, sviða og stofnana
Framúrskarandi starfsumhverfi og aðbúnaður í jafningjasamfélagi sem laðar að hæfasta fólkið í akademíu, stjórnsýslu og nemendahópinn
Rannsóknar- og kennsluhúsnæði sem hentar kennsluháttum og starfsemi deilda og uppbyggingu og uppfyllir öryggi, staðla og kröfur
Öflugur og ánægður starfsmannahópur með góða starfsaðstöðu og viðunandi starfsálag
Fjármögnun tryggð í takt við markmið og sýn sem byggir á fjölbreyttum fjármögnunarmöguleikum
MANNAUÐUR, MENNING OG INNVIÐIR

8


Vettvangur jafnréttis og sjálfbærni, þar sem fjölbreyttur hópur nemenda og starfsfólks starfar með hliðsjón af heildrænni sjálfbærnihugsun
Heildræn sjálfbærnihugsun og tengsl við heimsmarkmið SÞ sem endurspeglast í rannsóknum og námi
Að í Háskólanum starfi fjölbreyttur hópur nemenda, kennara og annars starfsfólks með ólíkan bakgrunn þar sem lögð er áhersla á jafnrétti í víðum skilningi
Skýrt samfélagslegt hlutverk á Íslandi þar sem rannsóknir sem þjóna íslensku samfélagi eru metnar ekki síður en rannsóknir með alþjóðlega skírskotun
FJÖLBREYTILEIKI, JAFNRÉTTI OG SJÁLFBÆRNI

9


Mikilvæg uppspretta nýsköpunar, hugmynda og þekkingar í krafti rannsókna og menntastarfs
Öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samstarfi og sterkar tengingar við alþjóðlegt vísindasamfélag
Auðbreytanlegt stjórnkerfi sem styður við akademíska þróun og setur samvinnu og samlegð greina í forgang
Stöðugar umbætur marki bæði innri og ytri starfsemi skólans
NÝSKÖPUN, FRAMFARIR OG ÞVERFRÆÐILEIKI

10


Alþjóðlega viðurkenndur háskóli með sterkar tengingar og samstarf við alþjóðlegt háskólasamfélag
▪ Alþjóðlegt námsframboð og tvítyngdur háskóli sem uppfyllir alþjóðleg gæðaviðmið og alþjóðlegan hóp starfsfólks og doktorsnema
▪ Þétt samstarf við alþjóðlegt háskólasamfélag
▪ Leiðandi á alþjóðavísu með skýrt skilgreinda sérstöðu meðal annarra háskóla
STAÐA OG TENGSL Á ALÞJÓÐAVETTVANGI

11


FORGANGSMÁL
NIÐURSTÖÐUR HÓPASTARFS Á HÁSKÓLAÞINGI

12

**Nám og kennsla**

- Auka áherslu á að námið geri nemendur hæfa til að takast á við fjölbreytt störf
- Efla nýsköpun og gæði í kennslu og kennsluháttum
- Efla alþjóðatengingu Háskólans með auknu erlendu samstarfi í námsleiðum og kennslu

**Rannsóknir**

- Efla stuðning við rannsakendur með bættu aðgengi að styrkjum og rannsóknarinnviðum
- Auka áherslu á rannsóknarframlag akademísks starfsfólks
- Auka rannsóknarsamstarf innan og á milli fræðasviða
- Auka alþjóðlegt rannsóknarsamstarf

**Mannauður**

- Hlúa betur að starfsumhverfi og vinnustaðamenningu
- Grípa til markvissra aðgerða til þess að bæta nýliðun starfsfólks

**Samfélag**

- Auka áherslu á að Háskólinn mennti nemendahóp með fjölbreyttan bakgrunn (tengist námi og kennslu)
- Tengja námsbrautir og verkefni í kennslu betur við atvinnulíf og samfélag (tengist námi og kennslu)
- Efla hagnýtingu rannsókna og samfélagslega nýsköpun (tengist rannsóknum)
- Auka áherslu á að kennsla og rannsóknir þjóni íslensku samfélagi
- Efla þátt Háskólans í að hlúa að íslenskri tungu og málsamfélagi
- Styrkja hlutverk Háskólans sem aflvaka í gagnrýnni umræðu í samfélaginu

**Önnur forgangsmál**

- Aðlaga stjórnskipulag að aukinni samvinnu þvert á deildir og svið
- Auka áherslu á að skólanum verði tryggt nægilegt fjármagn til þess að rannsóknar- og kennslumarkmiðum verði náð

FORGANGSMÁL

13

## FORGANGSMÁL
## **Forgangsröðun**

Næstu 15 mínútur eru háskólaráðsfulltrúar beðnir að taka þátt í að forgangsraða fyrrgreindum lista af forgangsmálum, sjá tengil á Survey monkey í spjallrás fundarins

ÞÁTTTAKA HÁSKÓLARÁÐS Í FORGANGSRÖÐUN

14

- Vefsíða stefnumótunar og samráðsgátt hafa verið settar á laggirnar
- Samráðsgátt skapar háskólaborgurum vettvang til að fylgjast með stefnumótunarferlinu og koma á framfæri hugmyndum, afstöðu eða ábendingum tengdum stefnumótuninni
  - Þar má nálgast lykilgögn úr stefnumótunarvinnunni
  - Einstaklingar geta sent in skrifleg erindi
  - Hópar geta óskað eftir fundi með stýrihópi
  - Einnig mikilvægur vettvangur samráðs á síðari stigum stefnumótunarferlisins

https://www.hi.is/stefna

## VEFSÍÐA STEFNUMÓTUNAR OG SAMRÁÐSGÁTT

15

1. **Samráð við hagsmunaaðila – innleggsfasi samráðs** (nóvember-desember)
   - Samráðsferli hefst með umræðum á háskólaþingi – leitað hugmynda um sýn og meginviðfangsefni
   - Annað samráð í kjölfarið – áhersla á nýjar leiðir í rafrænu samráði í ljósi COVID-19
2. **Stefnudrög kynnt, rýnd og ítruð – rýnifasi samráðs** (janúar-mars)
   - Fyrstu drög nýrrar stefnu lögð fram til umræðu í háskólaráði, á samráðs- og upplýsingafundum rektors og víðar, í samráði við rektor
   - Drögin kynnt í samráðsgátt til umsagnar
3. **Samþykkt og samstilling – lokafasi stefnumótunarvinnu** (apríl-maí)
   - Stefnurammi yfirfarinn og endurmetinn í ljósi athugasemda og viðhorfa úr samráði
   - Endanleg stefna ásamt markmiðum og áætlunum lögð fyrir háskólaþing og háskólaráð til umræðu og samþykktar
   - Samhliða lögð fram áætlun um innleiðingu stefnunnar og eftirfylgni

## TÍMAÁÆTLUN OG ÁFANGAR

16

17